

Heilsustofnun



Ársskýrsla 2023




Hlutverk

Á Heilsustofnun fer fram einstaklingshæfð þverfagleg meðferð fyrir einstaklinga sem þurfa endurhæfingu og þjálfun í kjölfar sjúkrahúsvistar, tiltekinna sjúkdóma eða slysa. Áhersla er lögð bæði á andlega, líkamlega og félagslega endurhæfingu.

Markmið endurhæfingar á Heilsustofnun er að efla líkamlega, andlega og félagslega færni einstaklinga, auka lífsgæði og styrkja viðkomandi til athafna daglegs lífs.

Lögð er áhersla á við notendur þjónustunnar að vera virkir í endurhæfingunni og nýta þá þjónustu sem í boði er í þeim tilgangi að árangur endurhæfingarinnar verði sem mestur.





Stjórn og framkvæmdastjórn

Stjórn

Gunnlaugur K. Jónsson
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir
Björn Rúnar Lúðvíksson
Geir Jón Þórisson – varamaður
Lára M. Sigurðardóttir - varamaður
Anna M. Guðmundsdóttir – varamaður

Framkvæmdastjórn

Forstjóri – Þórir Haraldsson
Framkvæmdastjóri lækninga – G. Birna Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar – Margrét Grímsdóttir
Framkvæmdastjóri rekstrar – Brynjar Þórsson

Þverfagleg endurhæfing

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði er endurhæfingarstofnun. Endurhæfing er veitt einstaklingum á landsvísi í samræmi við lög nr 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Heilsustofnun er með þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands. Samkvæmt honum ber Heilsustofnun að veita 1.350 einstaklingum endurhæfingu á ári, í samtals 37.800 daga, á 10 meðferðarlínum.

Á árinu 2023 voru dvalargestir 1.379 og fjöldi legudaga voru 37.958 eða lítið eitt umfram samningsskyldu. Í heimsfaraldri Covid var bætt við sérstakri post-covid meðferðarlínu á Heilsustofnun og var þjónusta 2023 því veitt á 11 meðferðarlínum.

Samningur Heilsustofnunar og Sjúkratrygginga Íslands

Þann 1. apríl 2019 tók gildi samningur á milli Sjúkratrygginga Íslands og Heilsustofnunar NLFÍ um þverfaglega endurhæfingu fyrir sjúkratryggða einstaklinga skv. lögum um sjúkratryggingar 112/2008 og slysatryggða einstaklinga skv. lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga.

Samningur þessi var gerður til þriggja ára og gildi til og með 31. mars 2022 en hefur verið þrívægis framlengdur, fyrst í 3 mánuði, til loka júní 2022, en síðan til 30. júní 2023 og loks til 29. febrúar 2024. Þrátt fyrir beiðnir stjórnar Heilsustofnunar hafa ekki hafist viðræður við Sjúkratryggingar Íslands um nýjan þjónustusamning. Starfsmenn SÍ hafa hinsvegar lýst yfir að ekki verði um rof á fjárveitingum að ræða, enda gert ráð fyrir þeim í fjárlögum 2024.

Fjárveiting til samningsins á fjárlögum 2023 var 1.079 m.kr.



Endurhæfing fer fram á 11 meðferðarlínum

Bæklun	Post-covid
Geðsjúkdómar	Streita
Gigtsjúkdómar	Taugasjúkdómar
Hjarta- og lungnasjúkdómar	Verkir
Krabbamein	Öldrun
Offitu- og efnaskiptasjúkdómar	


Áhrif Covid-19 og annarra veikinda á starfsemi Heilsustofnunar

Heilsustofnun hefur tekið við sjúklingum með eftirköst eftir Covid-19 sýkingu frá árinu 2020. Sí gerði sérstakan samning um meðferð þessara einstaklinga sem gildi til ársloka 2021. Frá ágúst '20-ársloka '22 fengu alls 97 manns post-covid endurhæfingu á Heilsustofnun. Alvarlegustu eftirköst Covid-19 er ME sjúkdómurinn. Vegna sérþekkingar fagfólks Heilsustofnunar á þeim sjúkdómi hefur beiðnum vegna þessa fjölgað mjög. Þessir sjúklingar eru oft mjög veikir og nokkrir hafa verið of veikir til að geta nýtt sér þjónustu okkar að ráði. Miklar vegalengdir eru innan stofnunarinnar sem veikasta fólkið ræður illa við og vegna þessa var í fyrra fjárfest í rafskutlu til nota innanhúss.

Alls fengu 52 einstaklingar meðferð á post-covid línu 2023. 36 einstaklingar af þessum hópi voru með eftirköst eftir Covid sýkingu og helmingur þeirra mjög alvarleg eftirköst og grun um eða staðfestan ME sjúkdóm sem afleiðingu af Covid-19. 2 einstaklingar voru með alvarleg eftirköst eftir bólusetningu gegn Covid-19 og höfðu þeir sama einkennamynstur. Að auki fengu 10 einstaklingar með ME sjúkdóminn meðferð á þessari línu og 4 sem höfðu alvarlega síþreytu án ME. Óafgreiddar beiðnir um post-covid endurhæfingu frá 2023 eru 17, flestar frá seinni hluta ársins. 9 manns afþökkuðu dvöl.

Á árinu var óvenjulega mikið um að dvalargestir afbókuðu og gerðu hlé á dvöl vegna veikinda, aðallega umgangspesta.

Nánar er fjallað um endurhæfingu post-covid sjúklinga og árangur hennar síðar í ársskýrslunni.



Framúrskarandi endurhæfing

Undanfarin ár hafa stjórnendur Heilsustofnunar sett fram framtíðarsýn fyrir árið sem framundan er og þau verkefni sem lögð áhersla verður á. Áhersla er ætíð lögð á forgangsröðun mikilvægustu þátta til að efla gæði þjónustunnar og mælanleika.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni sem unnið var að á árinu.

Eftirsóknarverður vinnustaður

- Efla og viðhalda faglegri þekkingu
 - Skipulögð fræðsla og þjálfun fyrir starfsfólk á vinnutíma
 - Miðlun þekkingu innanhúss milli starfsfólks
- Álag og mönnun fari saman
- Niðurstaða starfsmannasamtala nýtt til endurbóta

Gæðastarf/rannsóknir

- Gæðavísar áfram í forgangi
 - Innleiðing nýrra gæðavísa til að stuðla að stöðugum umbótum
- Árangursmælingar auknar
 - Endurskoðun og innleiðing nýrra árangursmælinga til að tryggja gæði þjónustunnar
- Samstarf við háskólasamfélagið aukið
 - Komið á starfsnámi heilbrigðisstétta og kynningu á starfsemi Heilsustofnunar aukin
 - Markmið verða sett í samstarfi Heilsustofnunar og Háskólans í Reykjavík um rannsóknir sem unnar verða
 - Innleiðing verkefnastjórnunar- og skjalastjórnunarkerfis

Þjónusta

- Vinnuafköst deilda í heild skoðuð og viðmið sett um álag
- Þjónustukönnunum dvalargesta verði komið í mælanlegt ferli
- Innlagnarferlið endurskoðað

Sjálfbærni og nýsköpun

- Sjálfbærnistefnan innleidd í skrefum
- Auka lífræna framleiðslu og leitast við að kaupa inn hráefni úr nærumhverfi og lífrænar afurðir þegar kostur er
 - Innkaupastefna sett með áherslu á sjálfbærnistefnu
- Mikilvægi endurvinnslu gerð sýnilegri
 - Vigtun afganga / brottkasts úr matsal
 - Endurvinnslutunnum fjölgað í sameiginlegum rýmum

Eftirsóknarverður vinnustaður

Á árinu 2021 kom til styttingu vinnuvikunnar skv. kjarasamningum og var sú vinna unnin í samráði við starfsfólk. Styttingin tekur bæði til dagvinnufólks og vaktavinnufólks, og krafðist ólíkrar nálgunar eftir vinnufyrirkomulagi. Unnið var út frá því að ekki yrði skerðing á þjónustu dvalargesta og viðbótarkostnaður lágmarkaður fyrir stofnunina, svo sem í auknum stöðugildum til að anna verkefnum. Stytting vinnuvikunnar hefur gengið vel, og var endurmetin á árinu og áfram verður til skoðunar hvort þetta sé vinnufyrirkomulag sem hentar þeirri þjónustu sem Heilsustofnun veitir. Þarf að meta heildarafköst starfsmanna sem og heildarafköst deilda. Álagsmælingar á starfsfólk þarf að skoða reglulega þannig að mönnun sé næg til að tryggja framúrskarandi þjónustu og á sama tíma ánægju starfsmanna í starfi. Því miður hefur nokkur kostnaðaraukning leitt af þessari breytingu.

Jafnlaunavottun var lokið á árinu 2023. Samhliða því hafa verið settar jafnlaunastefna og jafnréttisstefna.

Heilsustofnun var þriðja árið í röð valin stofnun ársins í sínum flokki; “Sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannaðjónustu” í könnun Sameykis meðal starfsfólks. Heilsustofnun varð í 2. sæti þegar bornar eru saman stærstu stofnanir í öllum flokkum. Það er afar ánægjulegt að starfsfólk gefi vinnustaðnum og vinnufélögunum góða einkunn.


Uppbygging Heilsustofnunar og framtíðarskipulag á landi NLFÍ

Í janúar 2020 efndi Náttúrulækningafélag Íslands (NLFÍ) í samvinnu við Arkitektafélag Íslands til hugmyndasamkeppni um enduruppbyggingu Heilsustofnunar NLFÍ og framtíðarskipulag á landi NLFÍ í Hveragerði. Í júlí 2020 voru niðurstöðurnar kynntar og hlutu Arkþing-Nordic og Efla fyrstu verðlaun. Í framhaldi var lagt upp með áframhaldandi samstarf við verðlaunahafa.

Fyrsti hluti uppbyggingar á Heilsustofnun verður bygging á nýju meðferðarhúsi sem áætlað er að verði um 2.700 fm. að stærð. Mikil þörf er á byggingu meðferðarhúss til að uppfylla framtíðarkröfur um aðstöðu til þeirrar endurhæfingar sem fram fer á Heilsustofnun auk annarrar endurnýjunar á húsnæði og búnaði stofnunarinnar en þar á meðal þarf að endurnýja amk. 40 elstu gistiherbergin. Á árinu hófst vinna við endurskoðun þarfagreiningar fyrir meðferðarhúsið.


Þá var á árinu haldið áfram byggingu 84 sjálfbærnivottaðra íbúða á landi Heilsustofnunar þar sem íbúar munu hafa samning um þjónustu við Heilsustofnun. Íbúðirnar verða seldar á almennum markaði og mun allur afrakstur af byggingu og sölu þeirra renna til að endurnýja meðferðaraðstöðu og bæta aðra aðstöðu Heilsustofnunar. Fyrstu íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar í maí 2024.

Meðferðarlínur 2023



■ Geð ■ Offita, streita, verkir ■ Bæklun, gigt, krabbamein, tauga ■ Öldrun ■ Post-Covid ■ Hjarta

Viðmið SÍ skv samningi





■ Geð ■ Offita, streita, verkir ■ Bæklun, gigt, krabbamein, tauga ■ Öldrun ■ Hjarta



Skipting milli kynja




Skipting eftir búsetu




Aldursdreifing



Beiðnir, innlagnir og brottfall






Biðtími í dögum





Heilsutengd lífsgæði (HTL) – niðurstöður

Lagt fyrir alla dvalargesti yngri en 70 ára. Niðurstöður eru umreiknaðar yfir í T skor þar sem 40-60 er innan eðlilegra marka. Meðaltal í þessum lista er 50 og staðalfrávik 10. Kvarðinn lífsgæði er meðaltal annarra mælikvarða. Meðaltals bæting er 24%





2. mín göngupróf

Lagt er fyrir 70 ára og eldri. Miðað er við göngulengd aldurshóps





30 sek. Arm curl próf

30 sek. Arm curl próf Lagt fyrir 70 ára og eldri. Miðað er við meðaltals skipti aldurshóps





30 sek. STS próf

30 sek. Arm curl próf Lagt fyrir 70 ára og eldri. Miðað er við meðaltals skipti aldurshóps




VAS próf - verkjapróf

Lagt fyrir þá sem eru í verkjameðferð. Skalinn er 0-10




VAS próf - verkjapróf

Lagt fyrir þá sem eru í verkjameðferð. Skalinn er 0-10 -**Meðaltalsbreyting er 50,24%**




CSI próf

Meðaltals breyting er 22,14% Stærð úrtaks 62



Fjöldi meðferðatíma 2023

Tímar eftir meðferðarlínum. Sjúklingar í meðferð eftir Covid eru sýndir sem sérstakur hópur. Fjöldi einkatíma er 7,63 að meðaltali en hóptíma 17,04. Dvalargestir á tveimur línum ná ekki umsömdum fjölda hóptíma; á öldrunarlínu og taugalínu en margir á þeim línum ráða af heilsufarsástæðum ekki við fullt álag.






Tafla XIII

Álagsmæling




Lína	Einkatími	Hóptími	Fjöldi
Bæklun	7,35	14,97	115
Geð	7,39	20,64	152
Gigt	7,78	20,60	74
Hjarta	8,46	18,36	44
Krabbi	7,70	19,18	43
Offita/efna	7,29	20,94	74
Covid	6,43	11,81	52
Streita	6,97	22,01	125
Tauga	8,73	17,57	41
Verkja	7,18	20,39	97
Öldrun	7,98	13,98	562
Heild	7,63	17,04	1.379

Endurhæfing eftir Covid-19 á Heilsustofnun


- Alls hafa 149 einstaklingar klárað post-covid endurhæfingu á Heilsustofnun frá upphafi
- Árið 2023 luku 52 einstaklingar endurhæfingu á post-covid línu sem nánar verður fjallað um hér á eftir.
- 36 af þeim voru með eftirköst eftir Covid sýkingu og helmingur þeirra mjög alvarleg eftirköst og grun um eða staðfestan ME sjúkdóm sem afleiðingu af Covid-19.
- 10 til viðbótar sem voru með síþreytu/ME af öðrum orsökum og fengu meðferð á post-covid línu.
- 2 einstaklingar voru með alvarleg eftirköst eftir bólusetningu við Covid-19 og sama einkennamynstur
- Nokkrir aðrir komu til endurhæfingar sem höfðu eftirköst eftir Covid-19 sem þó voru ekki aðalástæða dvalar.
- Sérþekking fagfólks Heilsustofnunar á meðferð við afleiðingum Covid-19 sýkinga og annarra alvarlegra sjúkdóma, s.s. ME, síþreytu o.fl. hefur aukið ásókn í meðferð. Þeir sjúklingar eru margir mjög veikir og þurfa mikla þjónustu.



Post-covid – framh.



Post-covid – framh.



HTL - Lagt fyrir dvalargesti á post-covid línu yngri en 70 ára. Niðurstöður eru umreiknaðar yfir í T skor þar sem 40-60 er innan eðlilegra marka. Meðaltal í þessum lista er 50 og staðalfrávik 10. Kvarðinn lífsgæði er meðaltal annarra mælikvarða. **Meðaltals bæting er 19%**

